



ÁRSSKÝRSLA RAUÐA KROSSINS Á SUÐURNESJUM 2025

Stjórn og starfsfólk deildar á síðasta starfsári

Stjórn deildar

Nafn	Hlutverk	Tók við
Guðjón Herbert Eyjólfsson	Formaður	2015 /(2020 formaður)
Gunnar Margeir Baldursson	Varaformaður	2018/ (2022 vara-formaður)
Gunnar Jón Ólafsson	Ritari	2020
Hólmfríður Árnadóttir	Gjaldkeri	2022
Rósa Sigurjónsdóttir	Meðstjórnandi	2023
Sigrún Inga Ævarsdóttir	Varamaður	2024
Bergþór Árni Pálsson	Varamaður	2025
Melkorka Sigurðardóttir	Skoðunarmaður	2022

Starfsfólk

Nafn	Hlutverk	Tók við
Fanney Grétarsdóttir	Deildarstjóri	2013

Skýrsla formanns

Kæru félagar

Það er mér ánægja að líta yfir starf síðasta árs hjá Rauða krossinum. Starfið hefur líkt og áður einkennst af mikilli samstöðu, öflugum sjálfbóðaliðastarfi og einlægum vilja til að styðja við fólk í okkar samfélagi.

Eitt af aðal skylduverkefnum Rauða Krossins eru neyðarvarnir. Á síðustu árum hefur verið mikill umbrotatími hér á Suðurnesjum vegna tíðra eldgosa. Á síðasta ári urðu hins vegar einungis tvo eldgos, það fyrra var 1. apríl og stóð yfir í einn dag og það síðara gaus þann 16. júlí og stóð yfir í 20 daga. Ekki kom til mikilla raskanna vegna þessara eldgosa og því reyndi ekki mikið á okkar starfskrafta þar.

Mánudagskaffi Grindvíkinga er enn í fullum gangi og hefur það verið vel sótt. Það er okkur mikil gleði að sjá hversu mikið það gefur fólkinu að koma saman og ræða allt milli himins og jarðar og hlæja saman. Það er mikill áhugi fyrir þessu og sýnir hversu mikil samstaða þeirra er.

Eitt af okkar mikilvægu verkefnum er Frú Ragnheiður. Verkefnið sinnir einstaklingum sem búa við erfiðar aðstæður og leitast við að draga úr heilsufarslegum og félagslegum skaða sem tengist vímuefnanotkun. Með nálægð, virðingu og faglegri þjónustu ná starfsmenn og sjálfbóðaliðar verkefnisins til fólks sem oft er á jaðri samfélagsins. Þetta starf er afar mikilvægt og endurspeglar vel mannúðarhlutverk félagsins. Það er gleðilegt að segja frá því að nýr bíll var tekinn í notkun á síðasta ári. Verkefnastjórar Frú Ragnheiðar þær Siffa og Inga áttu stóran þátt í að innrétta nýja bílinn og gera hann kláran til notkunar og vill stjórnin þakka þeim sérstaklega fyrir það.

Suðurnesjadeildin hefur boðið upp á skyndihjálparnámskeið til margra ára en það verkefni er að taka breytingum þar sem skipulag og utanumhald verkefnisins er að færast meira yfir til landsskrifstofunnar.

Eitt af okkar stóru verkefnum í gegnum tíðina hefur verið fatasöfnun. Hins vegar hefur orðið mikil breyting á þeirri starfsemi. Allir fatagámarnir hjá okkur voru fjarlægðir í maí á síðast ári og er það nú í höndum sveitarfélaga að taka á móti textíl. Til stendur að setja fatagáma á allar grendarstöðvar en eins og staðan er núna tekur Kalka á móti öllum textíl. Suðurnesjadeildin hefur fengið flokkaðan fatnað frá Rauða Krossinum í Eyjafirði sem hefur reynst mikilvægt fyrir búiðina okkar. Unnið er að því í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum og Kólku að finna laus á hvernig best sé að haga fatasöfnun á svæðinu.

Félagsstarf flóttamanna er starfrækt undir stjórn Þorbjargar Guðnadóttur og er oft mikið líf og fjör í húsinu í kringum það. Starfið er rekið af Höfuðborgardeild RKÍ í húsakynnum okkar.

Framundan eru áfram verkefni og áskoranir, en jafnframt mörg tækifæri til að efla starf okkar enn frekar. Þörfin fyrir mannúð og samstöðu hverfur aldrei og því skiptir miklu máli að halda áfram að byggja upp öflugt starf sem getur brugðist við þegar á reynir.

Áður en ég hætti þá vill ég sérstaklega þakka Gunnari Margeiri Baldurssyni, varaformanni fyrir gott samstarf og vel unnin störf innan deildarinnar. En Gunnar er að láta af störfum vegna flutninga frá Suðurnesjum.

Að lokum vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum, starfsfólki og samstarfsaðilum fyrir þeirra framlag á árinu. Starf Rauða krossins byggir á fólkinu sem velur að leggja sitt af mörkum til annarra – og fyrir það eigum við að vera afar stolt og þakklát.

Takk fyrir mig

Tölulegar upplýsingar

Heildarkostnaður og heildartekjur

Heildarkostnaður	Heildartekjur
39.469.857	19.930.489

Tekjur

	Áætlun 2025	Raun 2025
Félagsgjöld	1.100.000	1.031.004
Verkefnasjóður	0	0
Kassatekjur	0	0
Tekjur af fatasölu	7.360.000	3.990.020
Húsaleigutekjur	2.270.000	1.662.433
Tekjur af námskeiðum	2.500.000	2.603.775
Fjáröflun		
Vaxtatekjur -gjöld		1.800.064
Framlög frá samstarfsaðilum	5.750.000	8.960.275
Framlög-sundurliðun		SSS 3.000.000 SÍ 2.471.482 Lýðh.sj. 500.000 Atlantsólía 62.749 Blue 1.150.000 Freyjur 400.000 Styrkur R.bær á móti fasteignagj. 442.579 Rio 933.465
Aðrar tekjur	470.000	942.000
Aðrar tekjur-sundurliðun		RKÍ v flóttamteymi 745.159

Rekstrarútgjöld

	Áætlun 2025	Raun 2025
Kostnaður vegna verkefna	29.992.000	27.531.998
Rekstur deildar	1.572.515	1.526.857
Umsýsla	2.387.485 (9.6 á verkefni)	2.641.348 (10.086.888 á verkefni)
Viðburðir og félagsstarf	250.000	175.795
Rekstur húsnæðis	1.310.000 (3.5 yfir á verkefni)	733.877 (3,5 yfir á verkefni)
Viðhald húsnæðis	3.000.000	2.055.649
Fundarkostn stjórn/aðalfundur	150.000	324.178
Annar kostnaður-sundurliðun		
Vinaverkefni		373.220
Neyðarbeiðnir/einstl.aðstoð	200.000	300.000

Verkefni ársins

Verkefni	Skaðaminnkun
Stefnumiðað markmið	Frú Ragnheiður vinnur eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar þar sem lögð er áhersla á að fyrirbyggja þann skaða og þá áhættu sem hljótast af notkun vímuefna fremur en að fyrirbyggja notkunina sjálfa. Frú Ragnheiður hefur það að markmiði að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll og óafturkræfan skaða sem og að auka lífsgæði og bæta heilsufar einstaklinga sem nota vímuefni í æð með því að veita lágþröskuldapjónustu í nærumhverfi einstaklinga. Lækkun á tíðni sýkinga og útbreiðslu smitsjúkdóma á borð við HIV og lifrabólgu C, færri dauðsföll af völdum ofskömmtnar, ábyrgari neysluhegðun og minna af notuðum sprautubúnaði í almenningrýmum eru á meðal þess ávinnings sem hlýst af verkefninu án mikils tilkostnaðar.
Tímabil	2025
Ábyrgðaraðili	Stjórn deildarinnar/landskrifstofa/ verkefnastj.Inga Björk Jónsdóttir & Sigfríður Ólafsdóttir
Fjöldi notenda	28
Fjöldi sjálfboðaliða	13
Samstarfsaðilar	Landskrifstofa
Áætlaður kostnaður	13.746.000
Raunkostnaður	10.850.024
Framkvæmd verkefnis	<p>Á árinu voru komur 169 talsins í bílinn frá 28 einstaklingum 48% KK , 52% KVK Meðalaldur einstaklinga er 38 ára 171 lítrum af notuðum búnaði var fargað <i>Eftirfarandi texti kemur frá verkefnastjórum:</i> Árið 2025 var virkilega spennandi og skemmtilegt hjá okkur í Frúnni. Árið byrjaði rólega hvað varðar heimsóknir, en þegar leið á árið fór þeim að fjölga jafnt og þétt. Við höfum verið einstaklega heppnar með virka og öflugum sjálfboðaliða og samstarfið hefur gengið mjög vel. Siffa og Inga, verkefnastjórar, fóru til Frakklands á ráðstefnu í Strasbourg ásamt öðrum verkefnastjórum á vegum Ylju og Frú Ragnheiðar á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Ferðin gaf hópnum gott tækifæri til að kynna betur og styrkja samstarfið, sem hefur í kjölfarið orðið enn betra og samskiptin mjög góð. Eitt af því skemmtilegasta sem gerðist á árinu var þegar nýr bíll VW Crafter verkefnisins var innréttaður og tekinn í notkun. Allir eru virkilega ánægðir með nýju Frúna.</p>

Verkefni	Neyðarvarnir
Stefnumiðað markmið	Rauði krossinn á Íslandi gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld í almannavörnum. Hlutverk félagsins felst meðal annars í opnun og starfrækslu fjöldahjálparstöðva, söfnunarsvæða aðstandenda og skráningarstöðva, úrvinnslu skráninga, sálfélagslegum stuðningi og aðkomu að rekstri þjónustumiðstöðva almannaþarfa.
Tímabil	2025
Ábyrgðaraðili	Stjórn deildarinnar/Landskrifstofa/Verkefnastj.Guðbergur Reynisson
Fjöldi notenda	
Fjöldi sjálfboðaliða	23
Samstarfsaðilar	
Áætlaður kostnaður	3.650.000
Raunkostnaður	4.279.499 (m mánudagskaffi)
Framkvæmd verkefnis	Eldgos 1. apríl, 1 dagur Eldgos 16. júlí 20 dagar AST var virkjað 4 sinnum vegna ófærðar Guðbergur sat 10 fundi sem fulltrúi Rauða krossins í almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur að ótöldum símtölum og utanumhald sem verkefnastjóri. Haldnir voru 2 fundir á vegum almannavarnanefndar Grindavíkur sem Páll fulltrúi okkar sat. Neyðarvarnarþing RKÍ var haldið á Suðurnesjum 29. mars og var það vel sótt. Sjálfboðaliðar hafa haldið hittinga og fundað á árinu ásamt því að fara yfir og uppfært neyðarvarnabúnað.

Verkefni	Skyndihjálþ
Stefnumiðað markmið	Rauði krossinn býður upp á vönduð og hagnýt námskeið í skyndihjálþ, sem sniðin eru að þörfum hópa, s.s. almennings, fagaðila og starfsmanna fyrirtækja, bæði hvað varðar lengd og efnistöð. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að kenna rétt viðbrögð í neyð og einfaldar aðferðir skyndihjálþar. Allt fræðsluefnið er gefið út af Rauða krossinum. Boðið er upp á margvísleg námskeið fyrir hópa og fyrirtæki, allt frá 1-30 manna námskeið.
Tímabil	2025
Ábyrgðaraðili	Stjórn deildarinnar/ráðgefandi Eyþór Rúnar Þórarinsson
Fjöldi notenda	
Fjöldi sjálfboðaliða	1
Samstarfsaðilar	Landskrifstofa
Áætlaður kostnaður	4.800.000
Raunkostnaður	5.019.791
Framkvæmd verkefnis	Á árinu 2025 voru haldin 18 x 4klst skyndihjálþarnámskeið 8 x 2klst skyndihjálþarnámskeið fyrir samtals 344 manns Ásamt 2 x kynningum/fræðsla

Verkefni	Vinaverkefni – Mánudagskaffi f Grindvíkinga
Stefnumiðað markmið	Félagslegu verkefnið okkar miða að því að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt. Unnið er út frá þörfum notenda hverju sinni og útfærslur verkefnis eru fjölbreyttar.
Tímabil	2025
Ábyrgðaraðili	Stjórn deildarinnar/Landskrifstofa
Fjöldi notenda	512
Fjöldi sjálfboðaliða	6
Samstarfsaðilar	Landskrifstofa/Rio sjóður
Áætlaður kostnaður	
Raunkostnaður	358.856 (inn í neyðarv)
Framkvæmd verkefnis	Sjálfboðaliðar bjóða Grindvíkingum í kaffi á mánudögum frá kl 14 til 16. Alls komu 512 manns á 36 mánudaga. Verkefnið er byggt upp sem félagastuðningur með spjalli og kaffi. Ýmis fræðsla var í boði og haldnar voru söngstundir. Rio Tinto verkefnið styður við mánudagskaffið.

Verkefni	Fataverkefni
Stefnumiðað markmið	Rauði krossinn rekur 19 verslanir um land allt og er stærsta fatakeðja á Íslandi. Fataverslanirnar eru ein mikilvægasta fjáröflun Rauða krossins og þegar þú kaupir vörur í Rauðakrossbúðunum öðlast þær nýtt líf, þú stuðlar að umhverfisvernd og allir ágóði fer 100% í mannúðarmál.
Tímabil	2025
Ábyrgðaraðili	Stjórn deildarinnar/verkefnastj.María Steinunn Guðmundsdóttir
Fjöldi notenda	
Fjöldi sjálfboðaliða	14
Samstarfsaðilar	Landskrifstofa/Fataflokkun Skútuvogur/Kalka
Áætlaður kostnaður	7.796.000
Raunkostnaður	7.755.904
Framkvæmd verkefnis	Textíl flokkaður og seldur í fataverslun deildarinnar. Þrátt fyrir áskoranir árið 2025 hafa sjálfboðaliðar mætt með bros á vör og unnið störf sín þannig að unnt hefur verið að halda búðinni opinni. Fataverkefnið hjá Rauða krossinum í Eyjafirði hefur sent reglulega til okkar fatnað sem þau hafa flokkað sérstaklega og hefur verið mikill styrkur fyrir búðina.

Verkefni	
Stefnumiðað markmið	
Tímabil	
Ábyrgðaraðili	
Fjöldi notenda	
Fjöldi sjálfboðaliða	
Samstarfsaðilar	
Áætlaður kostnaður	
Raunkostnaður	
Framkvæmd verkefnis	